

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Hafnarfirði 5. desember 2014

Starfsmenn Fiskistofu óska hér með eftir að Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra svari tveimur spurningum. Óskað er eftir skriflegum svörum.

1. Hver er áætlaður kostnaður við flutning höfuðstöðva Fiskistofu með tilvísun til fjárlaga frumvarps, svar óskast sundurliðað m.v. eftirfarandi atriði?
 - a. Áætlaðan kostnað við húsaleigu
 - b. Áætlaðan kostnað við breytingar á húsnæði nýrra höfuðstöðva
 - c. Áætlaðan kostnað á flutningi á búnaði úr núverandi höfuðstöðvum í nýjar höfuðstöðvar
 - d. Áætlaðan kostnað við ný ráðningar og þjálfun starfsfólks
 - e. Áætlaðan kostnað vegna greiðslu launa í uppsagnarfresti
 - f. Áætlaðan kostnað vegna flutnings styrkja
 - g. Áætlaðan kostnað vegna verkefnisstjóra úr forsætisráðuneyti
 - h. Áætlaðan kostnað vegna annarra þátta er snerta þá ákvörðun ráðherra að flytja höfuðstöðvar Fiskistofu

2. Ráðherra sagði í fréttum RUV (sjónvarp): „Ég efa það ekki að ef við horfum bara til reynslu til þeirra landa sem við gjarnan horfum til, til að mynda Norðmanna sem að hafa staðið í slíkum flutningum á störfum frá höfuðborgarsvæðinu út um land þá hefur reynslan verið sú að starfsemin blómstrar eftir á en það tekur auðvitað alltaf ákveðinn tíma?“
 - a. Starfsmenn Fiskistofu óska eftir að ráðherra leggi fram gögn sem staðfesta þessa fullyrðingu.

Jafnframt ítrekum við starfsmenn Fiskistofu rúmlega 3ja vikna gamla beiðni um fund fulltrúa okkar með ráðherra.

F.h. starfsmanna Fiskistofu

Björn Jónsson
Guðmundur Jóhannesson
Gunnar Örvarsson
Hrannar Már Ásgeirsson
Inga Þóra Þórisdóttir
Svavar Berg Ottesen

Afrit þessa bréf verður jafnframt sent fjölmiðlum.